

## Auglýsing

### um framlög vegna fjarvinnslustöðva

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð B.8 Fjarvinnslustöðvar.

#### Um aðgerðina

Markmið aðgerðarinnar er tvíþætt. Annars vegar að koma opinberum gögnum á stafrænt form og hins vegar að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Stofnanir sem ráðast í slík átaksverkefni utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins geta sótt um stuðning. Heimilt er að endurgreiða allt að 80% af kostnaði við hvert verkefni.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Samsetningu atvinnulífs og atvinnustig á viðkomandi svæði
- Íbúapróun
- Próun á starfsmannafjölda stofnunar
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis

#### Styrkhæfir aðilar

Allar stofnanir ríkisins utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins geta sótt um. Stuðst er við þá skilgreiningu að vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins nái suður og vestur yfir Suðurnes, austur fyrir Selfoss og norður að Borgarnesi, svokallað Hvítá-Hvítá svæði.

#### Styrkfjárhæðir í boði

Á árinu 2018 verður veitt samtals allt að 30 milljónum króna til að styrkja stofnanir til að koma opinberum gögnum á stafrænt form. Heimilt er að veita styrki til sama verkefnis til allt að fimm ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við hvert verkefni.

## Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

## Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgangstími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti 12. október 2018.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í nóvember 2018.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu: [holmfridur.sveinsdottir@srn.is](mailto:holmfridur.sveinsdottir@srn.is).